

Nd.

167. Frumvarp til laga

[109. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Alexander Stefánsson, Þórarinn Sigurjónsson.

1. gr.

2. og 3. mgr. 27. tl. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1979, orðist svo:

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 750 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 500 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 500 000 krónum fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 3 000 000 króna af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 11 29. mars 1979, um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., um að lækka og fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Samkvæmt þeim lögum má lækkun gjalda af hverri bifreið nema allt að 500 þúsund krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 milljón króna.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 milljón króna fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 2 milljónum króna af hverri bifreið.

Eins og öllum er ljóst hafa orðið miklar verðhækkanir síðan þessi lagabreyting tók gildi. Lætur nærri að verð bifreiða hafi hækkað um 50%. Að mati flutningsmanna ber brýna nauðsyn til að hækka niðurfellingu á gjöldum, þ. m. t. innflutningsgjald, á bifreiðum til öryrkja til samræmis við verðlagshækkanir sem orðið hafa frá gildistöku laganna, til þess að það fólk, sem fær nú úthlutun, fái svipuð kjör og að var stefnt með fyrri lagabreytingu. Er óþarft að rökstyðja frekar þessa nauðsyn.

Flutningsmenn leggja til í þessu frumvarpi, að niðurfelling gjalda og innflutningsgjalds af þessum bifreiðum hækki um 50% frá gildandi lögum.

Að þessu sinni verður ekki lagt til að fjöldi bifreiða í þessu skyni verði aukinn þótt á því sé full þörf. Hins vegar telja flutningsmenn rétt að athuga hvort setja ætti í lög in ákvæði sem heimila fjármálaráðherra að hækka árlega niðurfellingu gjalda, þ. m. t. innflutningsgjald, í samræmi við verðlagsbreytingar, sem komi í stað lagabreytingar.

Við væntum þess, að lagabreyting þessi njóti stuðnings þingmanna og fái skjóta afgreiðslu í gegnum þingdeildir, svo breytingin verði að lögum fyrir úthlutun til öryrkja á þessum vetri.